

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til að kaupa jarðyrkjuverkfæri.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, 2. febr. fyrir hönd amtsráðsins í brjefi frá 27. f. m. samþykktist hjer með, að jarðyrkjumaður Guðjón Guðmundsson fái af fje því, sem ætlað er til eflingar búnaði árið 1881 í vesturumdæminu 200 kr. styrk til að kaupa jarðyrkjuverkfæri. **31**

— **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um greptrun sjálfsbana.** — Í brjefi frá 5. október f. á. hafið þjer, herra amtmaður, skýrt 2. febr. mjer frá, að sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hafi að áskildu samþykki amtsins leyft að jarða í kirkjugarði og með venjulegum helgisíðum lík af manni nokkrum, er hafði fyrirfarið sjer með því að drekkja sjer í ánni Hvítá á síðastliðnum vetri, en að sýslumaður hafi þó verið í nokkrum vafa um, hvort slíkur úrskurður af hálfu yfirvaldsins væri nauðsynlegur, og því óskað leiðbeiningar í þessu tilliti. **32**

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda sýslumanni, að jeg er yður samdóma um, að hinar eldri ákvarðanir um greptrun þeirra manna, er bana sjálfum sjer, sjeu fallnar úr gildi með 310. gr. hegningarláganna, er nemur úr lögum 2—10—4 danskra laga Kristjáns konungs V., að því er snertir þá, sem fyrirfara sjálfum sjer, og 6—6—21 sömu laga, og þurfa prestar því eptirleiðis ekki að leita yfirvaldsleyfis til að syngja yfir og kasta mold á lík sjálfsbana. Aptur á mót er það vitaskuld, að prestar mega ekki án leyfis yfirvalds jarða neinn mann, sem grunur getur verið um, að hafi beðið bana af völdum annara, og að þeir því, þegar spurning verður um að jarða mann, sem misst hefir lífið á svíplegan eða voveiflegan hátt, verða að sjá um, að slík rannsókn, og getur um í 33. grein reglugjörðar fyrir hreppstjóra frá 29. apríl 1880, fari fram, fyr en jarðað er, og ber sýslumönnum að hafa eptirlit með, að þessu verði gegnt.

— **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk til barnaskóla.** — Að jeg hafi af upphæð þeirri, sem ákveðin er í 12. gr. C. 7. fjárláganna til styrktar handa barna- og alþýðuskólum fyrir árið 1880 veitt neðannefndan styrk þeim skólum, er hjer greinir: **33**

1. Báðum barnaskólunum í Stokkseyrarhreppi	300 kr
2. Barnaskólanum í Rosmhvalaneshreppi	300 —
3. Barnaskólanum í Vatnsleysustrandahreppi	300 —
4. Barnaskólanum í Akraneshreppi	300 —
5. Barnaskólanum í Seltjarnarneshreppi	300 —
6. Barna- og alþýðuskólanum í Flensborg við Hafnarfjörð:	
hinum fyrgreinda	300 kr.
og alþýðuskólanum	200 — 500 —
7. Barnaskólanum á Akureyri	300 —

og að jeg hafi sent hlutadeigöndum ávísanir til greiðslu á styrk hvers þeirra fyrir sig úr jarðabókarsjóði, það er hjer með tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, eins og það eru einnig tilmæli mín, að lagt sje fyrir hlutadeigendur, að senda hingað sannanir fyrir því, að styrkur sá, sem skólunum er heitinn úr hlutadeig-

33 andi sveitarsjóðum, hafi í raun og veru verið greiddur þeim á yfirstandandi fardagaári, 4. febr. þar eð ofanefnd fjárveiting er samkvæmt fjárlögnum bundin þessu skilyrði.

34 — Ágrip af brjefum landshöfðingja til biskups og landfögeta um styrk til uppgjafapresta og prestaekkna. — Með þessum brjefum var fje því, sem með 13. gr. A. b. 3. fjárlaganna er veitt til styrktar fátökum uppgjafaprestum og prestaekkjum, útbýtt. En uppgjafaprestar og prestaekkjur voru samkvæmt skýrslu biskups, eins og nú skal greina:

A. Uppgjafaprestar.

1. Pjetur Jónsson frá Valþjófsstað	(Eptirl. m. m. 1880: 500 kr.)	Nú veitt: " kr.
2. Jón Hávarðsson frá Eydölum	(— — — 461 —)	— — " —
3. Hákon Espólín frá Kolfreyjustað	(— — — 440 —)	— — " —
4. Einar Hjörleifsson frá Vallanesi	(— — — 506 —)	— — " —
5. Bjarni Sveinsson frá Stafafelli	(— — — 400 —)	— — " —
6. Stefán Thordersen frá Kálfholti	(— — — 330 —)	— — " —
7. Þorleifur Jónsson frá Hvammi	(— — — 726 —)	— — 50 —
8. Friðrik Eggerz frá Skarðsþingum	(— — — 280 —)	— — " —
9. Guðmundur G. Sigurðsson frá Gufudal	(— — — 250 —)	— — " —
10. Benedikt Þórðarson frá Selárdal	(— — — 414 —)	— — " —
11. Þórður Thorgrimsen frá Brjámslæk	(— — — 342 —)	— — 40 —
12. Magnús Gíslason frá Sauðlauksdal	(— — — 427 —)	— — 50 —
13. Ólafur Ólafsson frá Fagranesi	(— — — 160 —)	— — " —
14. Magnús Jónsson frá Grenjadarstað	(— — — 592 —)	— — " —
15. Jón Eiríksson frá Stóranúpi	(— — — " —)	— — " —
16. Andrjes Hjaltason frá Flatey	(— — — " —)	— — " —

B. Prestaekkjur.

1. Sigríður Jónsdóttir frá Helgastöðum	(Eptirl. m. m. 1880: 96 kr.)	Nú veitt: 76 kr.
2. Kristín Gunnarsdóttir frá Desjarmýri	(— — — 100 —)	— — 80 —
3. Guðríður Jónsdóttir frá Ási í Fellum	(— — — 75 —)	— — " —
4. Guðlaug Guttormsdóttir frá Skeggjastöðum	(— — — 110 —)	— — 30 —
5. Guðríður Pjetursdóttir frá Þingmúla	(— — — " —)	— — " —
6. Helga Guðmundsdóttir frá Eydölum	(— — — 185 —)	— — 40 —
7. Þorbjörg Jónsdóttir frá Kolfreyjustað	(— — — 248 —)	— — 60 —
8. Björg Magnúsdóttir frá Dvergasteini	(— — — 147 —)	— — 30 —
9. Oddný Pálsdóttir frá Kálfafellsstað	(— — — 80 —)	— — 60 —
10. Jóhanna A. Lúðvigsdóttir frá Sandfelli	(— — — 40 —)	— — 40 —
11. Guðríður Jónsdóttir frá Kirkjubæjarkl.	(— — — 75 —)	— — " —
12. Guðrún Pjetursdóttir frá Arnarbæli	(— — — 217 —)	— — 30 —
13. Guðrún Ingvarsd. frá Eyvindarhólum	(— — — 66 —)	— — 50 —
14. Guðrún Þorvaldsdóttir frá Reynivöllum	(— — — 70 —)	— — 40 —
15. Solveig Einarsdóttir frá Holti	(— — — 183 —)	— — 30 —
16. Halla Ingvarsdóttir frá Torfastöðum	(— — — 131 —)	— — 50 —
17. Kristín Vigfúsdóttir frá Breiðabólstað	(— — — " —)	— — " —